

**Borgarstjórn**  
**17. september 2019**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanlegri opnunartíma og fleytitíð.**

Borgarstjórn samþykkir að minnka álagstoppa í umferð með því að auka sveigjanleika opnunartíma stofnana og fyrirtækja borgarinnar og stuðla jafnframt að því að aðrir atvinnurekendur geri slíkt hið sama. Samgöngustjóra verði falið að vinna tillögur ásamt sviðum borgarinnar, sérstaklega skóla og frístundarsviði og velferðarsviði, auk þess sem unnið verði með dótturfyrirtækjum og öðrum stofnunum Reykjavíkurborgar, auk stórra stofnanna ríkisins eins og háskólunum og LSH. Lagt er til að markvissar tillögur liggi fyrir eigi síðar en í desember 2019.

**Greinargerð:**

Skipulagshalli er mikill í borginni sem sést hvað best á því hvað umferð er þung inn í miðborgina að morgni og út úr henni síðdegis. Langar raðir bíla fylla aðra akrein stofnvega á meðan hin akreinin er nær tóm. Álagstoppar eru sífellt erfiðari og er nauðsynlegt að dreifa álagi eins og unnt er. Hugmyndir um aukinn sveigjanleika hafa verið lengi í umræðunni en ekki hefur tekist að ná þeim árangri sem stefnt var að. Vegagerðin gerði úttekt á möguleikunum árið 2014 og árið 2017 var skipaður samstarfshópur borgarinnar, LSH, HÍ og HR um samgöngur og var stefnt á að frekari tillögur lægju fyrir á fyrri hluta yfirstandandi árs. Agæt greining liggur fyrir en enn er eftir að útfæra tillögur til breytinga. Í ljósi vaxandi umferðarvanda í borginni er brýnt að borgarstjórn sendi skýr skilaboð um að taka verði á þessu máli með festu.

[https://reykjavik.is/sites/default/files/svid\\_skjol/VEL/matsedlar/2018/vatmsmyri.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/svid_skjol/VEL/matsedlar/2018/vatmsmyri.pdf)

[http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Fleytitid-2/\\$file/Fleytit%C3%AD%C3%B0-2\\_afangi.pdf](http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Fleytitid-2/$file/Fleytit%C3%AD%C3%B0-2_afangi.pdf)

[https://www.si.is/media/\\_eplica-uppsetning/Innvidir-a-Islandi\\_skyrsla2017.pdf](https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Innvidir-a-Islandi_skyrsla2017.pdf)